

Eftirlaunasjóður FÍA

Tryggingafræðileg athugun í árslok 2017



TALNAKÖNNUN

Apríl 2018

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Niðurstaða úttektar.....	4
Forsendur úttektar	6
Niðurstaða miðað við staðlaðar forsendur	7
Eignir, rekstur og endurmat.....	8
Örorkuframlag.....	9
Niðurlag.....	10
Söguleg þróun	11
Viðauki TAFLA 1.....	13
Viðauki TAFLA 2.....	14

Inngangur

Talnakönnun hf. hefur samkvæmt beiðni stjórnar Eftirlaunasjóðs FÍA athugað tryggingafræðilega stöðu sjóðsins miðað við árslok 2017. Athugunin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar héldu áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir færu á lífeyri. Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins vann athugunina samkvæmt samþykktum sjóðsins og í samræmi við 24. grein laga nr. 129/1997 og ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Vigfús er með viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 39. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi en í viðurkenningunni felst meðal annars heimild til að gera tryggingafræðilega athugun á fjárhag hérlendra lífeyrissjóða í samræmi við 24. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Auk Vigfúsar kom Jón Benediktsson að verkinu.

Gögn um sjóðfélaga voru fengin úr Kríukerfi FUGLA ehf. Upplýsingar um kyn og fæðingardag hvers sjóðfélaga, fæðingardag maka, samtals áunnin réttindi sjóðfélagans og nýjustu upplýsingar um iðgjaldagreiðslur. Hjá lífeyrisþegum voru upplýsingar um tegund lífeyris og lífeyrisréttindin í desember 2017.

Sjóðfélögum er skipt í þrjá hópa:

1. Sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2017.
2. Sjóðfélagar með geymd réttindi, það er greiddu hvorki iðgjöld né þáðu lífeyri á árinu 2017.
3. Lífeyrisþegar í desember 2017.

Áreiðanleiki gagnanna var kannaðar með ítarlegum samanburði við gögn síðustu ára og tölur úr ársreikningi. Ágætis samræmi var þar á milli.


Niðurstaða úttektar

Heildarstaða sjóðsins skiptist annars vegar í áfallna stöðu og hins vegar framtíðarstöðu. Áfallin staða er mismunur á núverandi eignum sjóðsins og áföllum lífeyrisskuldbindingum til sjóðfélaga. Á sama hátt er framtíðarstaðan mismunur á núvirði framtíðariðgjalda núverandi sjóðfélaga og núvirði framtíðarlífeyrisskuldbindinga til sjóðfélaga miðað við tryggingafræðilegar forsendur.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu athugunarinnar. Til samanburðar er sýnd niðurstaða síðustu úttektar. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna á verðlagi við árslok hvors árs. Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 1.678 milljónir. Það er verri staða en í árslok 2016 en þá var staðan jákvæð um 1.916 milljónir. Áfallin staða er jákvæð um 1.564 milljónir en hún var jákvæð um 1.845 milljónir í árslok 2016. Áfallin staða hefur því versnað um 281 milljón á milli ára eða um 0,9% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins.

Heildarstaða	2017	2016
Framtíðariðgjöld	23.803.959	20.582.414
Eign	33.227.488	31.026.327
Kostnaður	-2.036.644	-1.882.238
Heildareign	54.994.804	49.726.503
Lífeyrisskuldbindingar	53.316.963	47.810.473
Eignir umfram skuldir	1.677.841	1.916.029
Staða	3,1%	4,0%

Áfallin staða	2017	2016	Framtíðarstaða	2017	2016
Höfuðstóll	34.431.488	31.584.465	Núvirði framtíðariðgjalda	23.803.959	20.582.414
Viðbót vegna endurmats	-1.204.000	-558.138	Rekstrarkostnaður	-585.965	-525.942
Fjárfestingakostnaður	-1.073.268	-995.563			
Rekstrarkostnaður	-377.411	-360.734			
Áfallin eign	31.776.809	29.670.031	Framreiknuð eign	23.217.994	20.056.472
Áfallnar			Framtíðar-		
lífeyrisskuldbindingar	30.212.813	27.824.869	lífeyrisskuldbindingar	23.104.150	19.985.605
Eignir umfram skuldir	1.563.996	1.845.162	Eignir umfram skuldir	113.845	70.867
Staða	5,2%	6,6%	Staða	0,5%	0,4%



Iðgjald í VIRK endurhæfingarsjóð er 0,10% af stofni til iðgjalds og lækkar því væntar iðgjaldatekjur sjóðsins sem því nemur en að sama skapi eru væntingar um að örorkuskuldbindingar sjóðsins lækki. En það á eftir að koma í ljós hversu mikið örorkubyrðin lækkar (sem þýðir lægri örorkulíkur) og mun reynsla næstu ára skera úr um það. Á meðan verður ekki tekið tillit til áhrifa þessara útgjalda í tryggingafræðilegri athugun, það er hvorki í útreikningi á núvirði væntra iðgjalda eða örorkuskuldbindinga.

Heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 3,1% og því innan þeirra marka sem lög kveða á um. Þar segir að heildarstaðan eigi að jafnaði að vera innan 5% vikmarka og aldrei utan 10% marka.

Tryggingafræðilegar forsendur eru óbreyttar frá síðasta ári.

Heildarlífeyrisskuldbinding EFÍA í árslok 2017 var 53.316 milljónir og hækkuðu um 5.506

milljónir árinu. Breytingar á heildar- og áfallinni stöðu eru sýndar hér í eftirfarandi tveimur töflum:

Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar

	2017	2016
Eignir		
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok	54.994.804	49.726.503
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun	49.726.503	45.754.566
Hækkun/lækkun endurmetinnar eignar á árinu	<u>5.268.301</u>	<u>3.971.936</u>
Skuldbindingar		
Skuldbindingar í árslok	53.316.963	47.810.473
Skuldbindingar í ársbyrjun	47.810.473	42.336.093
Hækkun/lækkun skuldbindinga á árinu	<u>5.506.490</u>	<u>5.474.380</u>
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	-238.189	-1.502.444

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar

	2017	2016
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	27.824.869	24.923.848
Hækkun áunnina réttinda vegna breytinga á samþykktum	0	747.715
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	1.520.192	1.457.960
Hækkun áunnina réttinda vegna iðgjalda ársins	1.778.287	1.585.750
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	-858.989	-785.389
Hækkun vegna nýrra lífslíknataflna	0	456.541
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga	<u>-51.546</u>	<u>-561.556</u>
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	<u>30.212.813</u>	<u>27.824.869</u>

Forsendur úttektar

Ellilífeyrir

1. Reiknað er með að starfandi sjóðfélagar hefji töku ellilífeyris frá og með 65 ára afmælisdegi.
2. Áunninn réttur til ellilífeyris frá og með 65 ára aldri er áunninn lífeyrisréttur í árslok 2017 samkvæmt réttindabókhalda sjóðsins
3. Réttur ellilífeyrisþega á mánuði er lífeyrisgreiðsla í desember á janúarverðlagi.
4. Aldursháð réttindatafla gefur áunnin réttindi til ellilífeyris frá og með 65 ára aldri. Réttindin eru verðtryggð miðað við hækkun vísitölu neysluverðs frá vísitölu hvers mánaðar.

Örorkulífeyrir

1. Allir sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á örorkulífeyri, ef örorka þeirra er metin 50% eða meira og þeir verða fyrir tekjumissi.
2. Fyrir fulla (100%) örorku er áunninn örorkulífeyrir 75% af áunnum ellilífeyrisrétti og hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Virkir sjóðfélagar eiga rétt á viðbót með framreikningi samkvæmt reglum í 12. grein samþykpta sjóðsins.
3. Réttur örorkulífeyrisþega á mánuði er örorkulífeyrisgreiðsla desembermánaðar á janúarverðlagi.
4. Örorkulífeyrir greiðist til ellilífeyrisaldurs samkvæmt ofanskráðum reglum. Frá þeim tíma er greiddur ellilífeyrir.

Makalífeyrir

1. Makar allra þeirra sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga.
2. Áunninn makalífeyrir er 48% áunnins ellilífeyris. Makar virkra sjóðfélaga og örorku- og ellilífeyrisþega fá viðbót með sams konar framreikningi og gildir um örorkulífeyri.
3. Makalífeyrir er greiddur til æviloka eftirlifandi maka.
4. Réttur makalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Barnalífeyrir

1. Við andlát eða starfsorkumissi sjóðfélaga fá börn þeirra rétt á lífeyri fram að 20 ára aldri.
2. Mánaðarlegur barnalífeyrir er 31.379 krónur á mánuði vegna andláts sjóðfélaga og 20.919 krónur vegna örorku.
3. Réttur núverandi barnalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Almennar forsendur

1. Ávöxtun 3,5% umfram hækkunir vísitölu neysluverðs.
2. Íslenskar lífslíkur miðað við reynslu árána 2010 til 2014.
3. Íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur nema að raunveruleg hjúskaparstaða er notuð hjá lífeyrisþegum.
4. Meðaltal örorkulíka 17 íslenskra lífeyrissjóða samkvæmt reynslu árána 1998 til 2002, en þessar örorkulíkur urðu staðlaðar örorkulíkur frá og með reikningsárinu 2006.

Niðurstaða miðað við staðlaðar forsendur

Töflurnar hér að neðan sýna niðurstöður athugunarinnar með samanburði við bæði staðlaðar forsendur og stöðu sjóðsins nú ef útreikningur væri með þeim lífslíkum sem notaðar voru til grundvallar útreiknings á sjóðnum í síðustu úttekt

Tryggingafræðilegar forsendur eru staðlaðar að öllu leyti nema því að það er miðað við raunverulega hjúskaparstöðu lífeyrisþega en ekki staðlaðar hjúskaparlíkur. Ef stöðluðu forsendurnar hefðu verið notaðar þá hefði áfallin staða batnað um 0,4% og heildarstaða um 0,3%.

Niðurstaða í árslok 2017	Forsendur úttektar	Staðlaðar forsendur
ÁFALLIN STAÐA		
Höfuðstóll	34.431.488	34.431.488
Viðbót vegna endurmats	-1.204.000	-1.204.000
Fjárfestingarkostnaður	-1.073.268	-1.073.268
Áfallinn rekstrarkostnaður	-377.411	-376.467
Eign	31.776.809	31.777.753
<hr/>		
Áfallnar skuldbindingar	30.212.813	30.088.752
Eignir umfram skuldb.	1.563.996	1.689.001
Staða	5,2%	5,6%

	Forsendur úttektar	Staðlaðar forsendur
HEILDARSTAÐA		
Framtíðar iðgjöld	23.803.959	23.803.959
Eign	31.776.809	31.777.753
Framtíðarrekstrarkostnaður	-585.965	-586.909
Heildareign	54.994.804	54.994.804
<hr/>		
Heildarskuldbindingar	53.316.963	53.192.902
Eignir umfram skuldb.	1.677.841	1.801.901
Staða	3,1%	3,4%

Eignir, rekstur og endurmat

Verðbréf í eigu sjóðsins voru endurmetin með því að núvirða þau til að sömu forsendur um vexti giltu um eignir og skuldbindingar og gaf það neikvæðar 1.204 milljónir króna eða 3,5% af bókfærðri eign. Núvirði fjárfestingargjalda er 1.073,3 milljónir og nettóendurmat því neikvætt um 2.277 milljónir eða 6,6% af eign.

Fjárhæðir í þús. króna			
Efnahagur 31/12 2017	Bókfært	Endurmetið verðmæti	Endurmat
Verðbréf með föstum tekjum	19.846.389	18.801.636	-1.044.753
Veðlán	0	-13.605	-56.146
Verðbréf með breyttil. tekjum	12.713.456	12.610.355	-103.101
Bundnar bankainnistæður	0	0	0
Hús- og fullnustueignir	42.500	42.500	0
Kröfur	329.108	329.108	0
Sjóður og veltiinnlán	1.690.888	1.690.888	0
Skuldir	-190.853	-190.853	0
Eign skv. ársreikningi	34.431.488		-1.204.000
Endurmat	-1.204.000		
Fjárfestingargjöld	-1.073.268		
Tryggingafræðileg eign	32.154.220		
		Fjárfestingargjöld	
		Meðaltal	Núv.
		45.757	1.073.268

Einstök verðbréf voru ekki núvirt af Talnakönnun heldur var stuðst við útreikninga sem sjóðurinn útvegaði. Talnakönnun sendi framkvæmdastjóra sjóðsins orðsendingu í tölvupósti um að reglur um endurmat væru óbreyttar frá fyrra ári (sjá skýrslu í fyrra).

Endurmatsverð eigna var borið saman við bókfært verð eigna og gengið úr skugga um að bókfærða verðið stemmdi við ársreikning. Eins voru valin nokkur verðbréf og endurmatsverð þeirra reiknað hjá Talnakönnun. Niðurstöður þeirra útreikninga stemmdu við endurmatsverðmætið frá sjóðnum.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður vegna fjárfestinga var 45,8 milljón eins og fram kemur í töflunni að ofan og núvirðið 1.073,3 milljónir. Annar rekstrarkostnaður var 41 milljón og að núvirði 963,4 milljónir sem dragast frá heildareign.

Ofangreindar kostnaðartölur eru 3ja ára meðaltal árána 2015 – 2017 uppfært frá meðalvísitölu neysluverðs til verðtryggingar hvers árs til janúarvísitölu árið 2018.

Örorkuframlag

EFÍA er aðili að örorkusamkomulagi fjögurra lífeyrissjóða, Íslenska lífeyrissjóðsins, Lífeyrissjóðs Rangæinga og Lífeyrissjóðs tannlækna auk EFÍA.

Samkomulagið gengur út á það að lífeyrissjóðirnir greiða sameiginlega allan örorkulífeyri hjá sjóðunum og er hlutfall hvers lífeyrissjóðs reiknað árlega vegna örorkutilvika þess árs. Hlutdeild EFÍA var 54,2% í örorkulífeyrisgreiðslum vegna þeirra tilvika sem féllu til á árinu 2014, 54,0% árið 2015 og 53,0% árið 2016. Það er ekki búið að reikna hlutdeild sjóðanna vegna tilvika ársins 2017 en það er áætlað það sama og árið 2016 þar til búið er að reikna.

Útreikningur á lífeyrisskuldbindingu EFÍA í tryggingafræðilegri athugun hefur alltaf miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins sjálfs en ekki hefur verið tekið tillit til örorkusamkomulagsins.

Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðuna árin 2012 til 2017:

ÁR	Skuldbinding EFÍA með samkomulagi	Skuldbinding EFÍA án samkomulags	Mismunur		Hlutfall af áf. skb.
2012	388.398.225	368.036.960	20.361.264	5,53%	0,09%
2013	464.400.952	581.396.596	-116.995.644	-20,12%	-0,52%
2014	599.152.761	631.394.160	-32.241.399	-5,11%	-0,14%
2015	545.452.782	567.033.720	-21.580.939	-3,81%	-0,09%
2016	501.539.089	469.186.005	32.353.085	6,90%	0,12%
2017	587.066.289	408.444.273	178.622.015	43,73%	0,59%

Skuldbindingar EFÍA án samkomulags hér eru ekki nákvæmlega þær sömu sem eru sýndar í skýrslu um tryggingafræðilega athugun. Hér hefur ekki verið tekið tillit til breytingar á vísitölu frá desember úttektarárs til janúar næsta árs og útgjöldunar vegna mismunar á iðgjöldum ársins í ársreikningi og iðgjöldum ársins í tryggingafræðilegum gögnum.

Skuldbinding EFÍA með samkomulagi fyrir árið 2017 er reiknuð út frá sömu hlutfallstölum og voru reiknaðar fyrir árið 2016 þar sem tölurnar fyrir 2017 eru ekki tiltækar.

Niðurlag

Áunnin lífeyrisréttindi hjá EFÍA voru skert alls fjórum sinnum frá árslokum 2008 til ársloka 2013 en árin eftir hrun reyndust sjóðnum erfið. Góð ávöxtun árið 2015 ásamt mjög hagstæðri þróun örorkuskuldbindinga á árinu 2015 skilaði því að áfallin staða sjóðsins var jákvæð um 15,3% í árslok 2015 og í framhaldinu voru áunnin réttindi hækkuð um 3,0%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er góð, jákvæð um 5,2% í áfallinni stöðu og 3,1% í heildarstöðu.

Það er hins vegar ljóst að nokkrar breytingar verða á stöðu sjóðsins þegar spá um lækkun á dánartíðni á komandi áratugum verður tekin með en nýjar eftirlifendatöflur taka væntanlega gildi gildi við gerð næstu eða þarnæstu tryggingafræðilegu athugunar. Skuldbindingar lífeyrissjóða munu aukast og jafnframt sýna réttari niðurstöðu sem á að tryggja að hver kynslóð fái greiddan sanngjarnan lífeyri, hvorki sé verið að ganga á hlut þeirra sem eru komnir á lífeyri né þeirra sem eiga eftir að hefja töku lífeyris.

Þessi tryggingafræðilega athugun byggir á þeim gögnum og forsendum, sem gert hefur verið grein fyrir í skýrslu þessari, ásamt hefðbundnum tryggingafræðilegum útreikningum. Niðurstaðan virðist í ágætu samræmi við niðurstöðu fyrri ára.

Gert í Reykjavík 24. apríl 2018

TALNAKÖNNUN HF.



Vigfús Ásgeirsson

Söguleg þróun


Áfallin staða sjóðsins árin 2007 - 2017



Heildarstaða sjóðsins á milli ára



Áfallin og framtíðarstaða sjóðsins



Fimm breytingar hafa átt sér stað á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga frá og með árslokum 2008. Í úttektinni í árslok 2008 voru öll áunnin réttindi lækkuð um 15,0% og í úttekinni ári síðar voru öll áunnin réttindi lækkuð um önnur 10,0% til viðbótar. Í árslok 2011 voru áunnin réttindi lækkuð um 9,0% og síðan um önnur 11,2% ári síðar og náði sjóðurinn þá jákvæðri áfallinni stöðu í fyrsta sinn frá hruninu 2008. Mikil hækkun á framtíðarstöðu sjóðsins á árinu 2008 kemur til vegna breytinga á réttindatöflum sjóðsins en þá var skipt yfir í aldursháða innvinnslu réttinda. Á miðju ári 2016 voru áunnin réttindi í árslok 2015 lækkuð um 3,0% en áfallin staða sjóðsins í árslok 2015 hafði verið jákvæð um 15,3%. Á grafinu hér fyrir ofan má einnig sjá áfallna stöðu eins og hún hefði verið fyrir hverja breytingu á áunnum réttindum fyrir sig. Nánari upplýsingar um breytingar á réttindum sjóðfélaga má finna í samþykktum sjóðsins.